

Priðjudaginn 19. desember 1972.

Nr. 74/1972. **Ákærvaldið**

gegn

Agnari Smára Einarssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Gagnaöflun.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en dómur Hæstaréttar gengur í máli þessu, ber að dómkveðja þrjá sérkunnáttumenn, er láti í té álitserð um öryggi mælingaaðferðar þeirrar, sem beitt var við staðar-ákvörðun v/b Sjöstjörnunnar, VE 92, hinn 1. marz 1972.

Ályktarorð:

Dómkveðja skal þrjá sérkunnáttumenn til að láta í té framangreinda álitserð.

Miðvikudaginn 20. desember 1972.

Nr. 102/1972. **Ákærvaldið**

(saksóknari ríkisins Valdimar Stefánsson)

gegn

Hermanni Kjartanssyni

(Sveinn Snorrason hrl.)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Misferli með skráningarmerki.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í máli þessu, ákærði og vitni hafa verið yfirheyrð og mörg ný gögn lögð fram.

Á árinu 1966 keypti ákærði af fyrirtækinu Jóni Loftssyni h/f hér í borg sex manna bifreið af Rambler gerð, árgerð 1963, skemmda eftir ökuóhapp. Samkvæmt upplýsingum Bifreiðaeftirlits ríkisins var framleiðslunúmer hennar GK 10303 og vélarnúmer 2229, en vél hennar var 6 strokka 138 HP. Var hún skráð 5 farþega bifreið og eigin þyngd hennar 1229 kg.

Áður en ákærði eignaðist bifreiðina, bar hún skráningarmerkið K 678, en hinn 16. júní 1966 var hún skráð R 1050 og ákærði talinn eigandi hennar.

Sumarið 1966 fór ákærði í sumarleyfi til Þýskalands, eins og í héraðsdómi greinir. Áðurnefnda bifreið lét hann flytja til Hamborgar með m/s Vatnajökli, er fór héðan frá Reykjavík 28. júní. Nokkru eftir að hann kom til Þýskalands, kveðst hann hafa verið í gleðskap í bjórstofu í Düsseldorf og þá léð bifreiðina einhverju fólki, sem í gleðskapnum var og hann þekkti ekki. Næsta dag, er hann hafi ætlað að nota bifreiðina, hafi hún verið „skemmd, eða með öðrum orðum öll brunnin að innan og ónothæf.“ Maður sá, er hafði fengið bifreiðina að láni, hafi viljað bæta honum tjónið, en ekki getað fengið Rambler bifreið af árgerð 1963, en aftur á móti af árgerð 1965, að því er honum hafi verið tjáð. Orðið hafi að samkomulagi, að ákærði fengi bifreið þessa í stað hinnar skemmdu gegn einhverri milligjöf, sem tilkynna hafi átt ákærða um síðar. Hann hafi því næst farið til London og þaðan til Reykjavíkur. Bifreiðin hafi svo verið send honum frá Hamborg með m/s Vatnajökli, sem kom til Reykjavíkur 2. nóvember 1966, og þá borið skráningarmerki fyrri bifreiðarinnar, R 1050. Ekkert kveðst ákærði „hafa heyrt frá þeim Ameríkumanni, sem annaðist skiptin á bifreiðunum...“, og hann kveður sér með öllu ókunnugt um, hver hafi tekið plötuna með framleiðslunúmeri eldri bifreiðarinnar af henni og sett á þá yngri, eins og greinir í héraðsdómi. Samkvæmt skoðun bifreiðaeftirlitsmanna er hér um að ræða 2 dyra, fjögurra farþega bifreið, sjálfskipta með 8 strokka 250 HP V-laga vél, árgerð 1966.

Á aðflutningsskilríkjum um bifreið þessa 1966, farmskír-

teini og aðflutningsskýrslu, er þyngd hennar talin vera 1229 kg, en ekki kveðst ákærði vita, eftir hverjum þessi þyngd bifreiðarinnar er skráð á skírteinið, enda hafi hann verið farinn frá Þýzkalandi, er það var gert. Vitnið Snorri Karlsson, fulltrúi tollstjórans í Reykjavík, kveðst hafa skráð greinda þyngd, 1229 kg, á aðflutningsskýrsluna og fyllt hana út að öðru leyti samkvæmt gögnum um útflutning bifreiðarinnar R 1050 frá því í júnímánuði 1966. Undir aðflutningsskýrsluna skrifaði svo ákærði 3. nóvember 1966. Segist hann ekki hafa getið þess þá, að um aðra bifreið og yngri væri að ræða en hann hefði flutt út úr landinu, enda ekki verið um það spurður.

Snorri Karlsson kveðst ávallt, er ferðamannabifreið skrásett hér á landi komi aftur hingað til lands, spyrja viðkomandi, hvort um sé að ræða sömu bifreið og út hafi verið flutt. Hann sé eini aðilinn við tollstjóraembættið, sem slíkum flutningum sinni, nema þegar hann sé í sumarleyfi. Fullyrðir Snorri, að hann hafi spurt ákærða þessarar spurningar og að ákærði hafi svarað játandi.

Ákærði notaði síðan yngri Rambler bifreiðina hér á landi með greindum skráningarkerkjum og færði hana þannig til skoðunar án nokkurra athugasemda af hálfu bifreiðaeftirlitsmanna.

Vorið 1969 fór ákærði í orlofsferð til Englands og meginlands Evrópu. Sendi hann bifreiðina til Englands með m/s Öskju, er fór frá Reykjavík 9. maí. Engin skjöl um flutning bifreiðarinnar kveðst ákærði hafa útfyllt, enda hafi hann verið farinn utan, áður en bifreiðin var send héðan af landi. Snorri Karlsson kveðst aftur á móti hafa ritað á sérstakt skráningarspjald um flutning bifreiðarinnar samkvæmt farmskírteini og skoðunarvottorði hennar, sem talin séu næg sönnunargögn um viðkomandi bifreið. Á skráningarspjaldið er skrifað, að um sé að ræða Rambler bifreið árgerð 1963, verksmiðjunúmer 10309 og að eigin þyngd hennar sé 1229 kg.

Nokkru áður en ákærði lauk orlofsferð sinni 1969, sendi hann bifreiðina hingað til lands með m/s Öskju, er fór frá

Felixstowe í Englandi 4. júlí og kom til Reykjavíkur 9. s. m. Á farmskírteini er skráð, að þyngd bifreiðar sé 1524 kg, en ókunnugt er, hver skráði.

Leitt er í ljós, að Kjartan Guðmundsson, faðir ákærða, útfyllti aðflutningsskýrsluna og undirritaði hana f. h. ákærða, sem þá var ókominn til landsins.

Í skýrslu þessari greinir, að inn sé flutt Rambler bifreiðin R 1050 og að brúttóþyngd hennar sé 1524 kg, en Kjartan segist í vætti sínu hafa skráð þessa þyngd á aðflutningsskýrsluna eftir farmskírteininu.

Gunnar Finnbogason, tengdasonur Kjartans Guðmundssonar, afhenti síðan Snorra Karlssyni, fulltrúa tollstjóra, aðflutningsskjölin. Tók Snorri þá eftir því, að þyngd bifreiðarinnar var ekki skráð sú sama á skjölum þessum og hinum eldri flutningsskjölum. Varð þetta til þess, að neitað var um afhendingu bifreiðarinnar og hún tekin í vörzlu tollýfirvalda.

Frásögn ákærða um bifreiðaskiptin er með miklum ólíkindum. Þykir þó varhugavert að telja sannað, að hann hafi sjálfur fært plötuna með framleiðslunúmeri eldri bifreiðarinnar yfir á þá yngri eða átt þátt í því, að svo var gert. Ekki er heldur sannað, að honum hafi verið um þetta kunnugt, fyrr en reki var gerður að rannsókn máls þessa. Ber að sýkna ákærða af broti gegn 159. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða er ekki gefið að sök að hafa flutt til landsins 9. júlí 1969 aðra bifreið en hann flutti út úr landinu 9. maí s. á. Þá er upplýst, að hann ritaði hvorki á útflutnings- né aðflutningsskjöl, en faðir ákærða gekk frá aðflutningsskýrslunni, þar eð ákærði var ókominn til landsins.

Ákæra í máli þessu tekur ekki til brota vegna innflutnings bifreiðar ákærða haustið 1966. Hún lýtur að rangri tilgreiningu á aðflutningsskýrslu við innflutning bifreiðarinnar 1969. Að þessu athuguðu verður ákærði sýknaður af refsiskröfu um brot gegn þeim ákvæðum laga nr. 3/1969 um tollskrá o. fl. og ákvæðum laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit, er í ákæru greinir, svo og af upptöku bifreiðarinnar.

Ákærði hefur aftur á móti með hinni óheimilu notkun skráningarmerkisins R 1050, sem að framan getur, gerzt brotlegur við 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 26/1958, og ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 18.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 18.000.00.

Rannsókn málsins í héraði er áfátt, og verulegur dráttur hefur orðið á meðferð þess.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Hermann Kjartansson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 18.000.00, og laun skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. nóvember 1971.

Ár 1971, föstudaginn 26. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Ármanni Kristinsyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 505/1971: Ákærvaldið gegn Hermann Kjartanssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 29. apríl 1971, gegn ákærða, Hermann Kjartanssyni verkstjóra, Grensásvegi 8, Reykjavík, fæddum þar í borg 17. maí 1930, fyrir brot á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, umferðarlögum nr. 40/1968, lögum um tollskrá o. fl. nr. 3/1969 og lögum um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1969 með því að hafa frá því um haustið 1966 og þar til í maí 1969 notað hér á landi fjögurra farþega 2ja dyra Rambler bifreið af árgerð 1966 með skráningarmerkjum R 1050 og áfestu merki með verksmiðju-

númeri GK 10309, eftir að merki þessi, sem verið höfðu á annarri bifreið ákærða sömu tegundar, en af árgerð 1963, höfðu verið flutt af eldri bifreiðinni á þá yngri erlendis síðari hluta árs 1966, og fyrir að hafa flutt bifreiðina þannig auðkennda til landsins öðru sinni og við innflutning bifreiðarinnar, sem kom með m/s Öskju til Reykjavíkur 9. júlí 1969, tilgreint ranglega á aðflutningsskýrslu, sem ákærði undirritaði og lagði inn til tollafgreiðslu, að um innflutning væri að ræða á bifreiðinni R 1050, enda þótt ákærði þá vissi, að bifreið sú, sem ákærði var að flytja til landsins, væri önnur bifreið en sú, sem skráð var sem 1050 í bifreiðaskrá ríkisins (ökutækjaskrá), sem var Rambler, árgerð 1963, verksmiðjunúmer GK 10309, vélarnúmer 2229, með 6 strokka 138 HP vél og skráð sem 5 farþega bifreið, í því skyni að komast hjá greiðslu tilskilinna aðflutningsgjalda.

Telst þetta varða við 1. mgr. 159. gr. almennra hegningarlaga, 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga, 1. og 2. mgr. 38. gr. laga um tollskrá o fl. nr. 3/1969 og 1. og 2. mgr. 63. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar og að bifreið sú, sem í máli þessu greinir, verði samkvæmt 1. mgr. 72. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit gerð upptæk til ríkissjóðs.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1950 17/7 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum.
- 1950 10/11 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaðafangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir þjófnað og áfengislagabrot.
- 1951 21/2 í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1952 11/2 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1955 9/2 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 26. gr. bifreiðalaga.
- 1959 25/4 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 37. og 45. gr. (sic).
- 1960 13/5 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt skýrslu tollgæzlunnar, dagsettri 21. júlí 1969, flutti ákærði hingað til lands frá Englandi með m/s Öskju, sem til

Reykjavíkur kom hinn 9. s. m., bifreið sína R 1050, en bifreið með sama skrásetningarkerki hafði verið flutt út til Englands með sama skipi hinn 9. maí 1969. Samkvæmt útflutningsskýrslu, sem ákærði mun ekki hafa átt hlut að, en verið fyllt út með hliðsjón af skráningarskírteini bifreiðarinnar, var um Rambler bifreið að ræða, árgerð 1963, að þyngd 1229 kílógrömm. Í aðflutningsskýrslu, sem undirrituð er af ákærða sjálfum hinn 10. júlí 1969, er árgerðar ekki getið, en innflutt vara talin Rambler bifreið, að þyngd 1524 kílógrömm. Tollþjónar hugðu, að hin innflutta bifreið væri af yngri árgerð en 1963, og var tveim bifreiðaeftirlitsmönnum falið að skoða bifreiðina. Álitu þeir hana vera 4ra farþega Rambler Ambassador D.P.L., árgerð 1966, með 8 strokka 250 HP vél, en bifreið sú, sem skráð væri sem R 1050 í bifreiðaspjaldskrá ríkisins, ætti að vera 5 farþega Rambler, árgerð 1963, með 6 strokka 138 HP vél og bera framleiðslunúmerið 10309. Í skýrslu bifreiðaeftirlitsmanna segir enn fremur: „... Við athugun á hinn fyrrgreindu Rambler Ambassador bifreið, teljum við ekki sé um neina endurbyggingu að ræða á eldri bifreið, heldur sé hér bifreið beint úr hendi framleiðanda án neinna verulegra breytinga. Plata með uppgreiptum stöfum GK 10309 hefur verið komið fyrir á hægri aurhlíf að framan, þar sem framleiðandi gengur frá slíkri plötu með framleiðslunúmeri við brettahlífina. En í þessu tilfelli hefur hún verið höggvin í burtu, þar sem menjar eftir rafpunktana sjást enn. Fyrrgreinda platan hefur verið hnoðuð á, að nokkru yfir þann stað, sem framleiðandi hefur gengið frá í upphafi. Allar líkur eru á því, að þarna sé um að ræða plötu þá, er hafi fylgt Rambler bifreiðinni af árgerðinni 1963 og eigi að sýna framleiðslunúmer hennar, en hafi verið færð yfir á þessa nýrri bifreið...“

Samkvæmt skráningarskírteini bifreiðarinnar R 1050 hefur hún árlega verið færð til lögboðinnar skoðunar í Bifreiðaeftirlit ríkisins á árunum 1966—1969 og athugasemdir í engan tíma verið skáðar, er varðað gætu mál þetta.

Ákærði hefur skýrt þannig frá, að hann hafi síðsumars árið 1966 ferðast um Þýzkaland í bifreið sinni R 1050, lánað hana fólki, er hann kyntist í Düsseldorf, en hún skemmzt svo í þeirra vörzlum, að hún varð ónothæf og viðgerð væntanlega tekið langan tíma. Aðili sá, er tjóninu olli, hefði reynt að afla sams konar bifreiðar, en ekki tekizt, hins vegar lánast að fá aðra Rambler bifreið, sem sögð var af árgerð 1965 og ekið hefði verið yfir 40 þúsund kílómetra, en hin einasta ekin 10—11 þúsund kílómetra.

Ákærði kvað skipti á þessum bifreiðum hafa farið fram og hann síðan fengið yngri bifreiðina í hendur hérlandis, án þess að starfsmenn tollstjóraembættisins krefðu sig nokkurra skýringa, hann þá ekki séð ástæðu til að tilkynna frekar um bifreiðaskiptin og árlega eftir þetta farið með bifreiðina til skoðunar, en skýringa aldrei krafizt af Bifreiðaeftirliti. Ákærði kvað sér hafa verið ókunnugt um, að framleiðslunúmer eldri bifreiðarinnar hefði verið sett á þá yngri, fyrr en tollgæzlan hefði tekið bifreiðina í sínar hendur síðla sumars 1969, og neitaði því alfarið, að hann hefði sjálfur átt hlut að þeim skiptum. Engar sannanir eru fram komnar um hið gagnstæða, og ber því þegar af þeim sökum og að því er þetta atriði varðar að sýkna ákærða af broti gegn 1. mgr. 159. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði staðhæfði, að hann hefði flutt hina yngri bifreið til Englands í maímánuði 1969, ekið henni um þar og á meginlandinu, en hún síðan komið með m/s Öskju til Reykjavíkur hinn 9. júlí 1969 og tollgæzlan þá tekið hana í sínar vörzlur.

Ákærði er ekki sakaður um að hafa flutt út aðra bifreið hinn 9. maí 1969 en hann flutti inn tveim mánuðum síðar, en þvert á móti talið í ákæru, að um sömu bifreið hafi verið að ræða. Í aðflutningsskýrslu ákærða er engin önnur lýsing á hinni innfluttu bifreið en sú, að hún sé Rambler bifreiðin R 1050 og hún þar skráð 1524 kílógrömm að þyngd, en eldri bifreiðin var samkvæmt skráningarskírteini 1229 kílógrömm. Að svo vöxnu máli og eins og ákæra er úr garði gerð þykja ekki næg rök hníga til þess, að ákærði hafi með innflutningi bifreiðarinnar hinn 9. júlí 1969 brotið gegn 1. og 2. mgr. 38. gr. laga um tollskrá o. fl. nr. 3/1969 né 1. og 2. mgr. 63. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1969, og verður hann því sýknaður af refsikröfum fyrir brot gegn þeim ákvæðum og þá einnig af kröfu ákærvalds um upptöku bifreiðarinnar samkvæmt 1. mgr. 72. gr. síðarnefndu laganna.

Með óheimilli notkun skráningarmerkisins R 1050 á annað ökutæki en til var ætlað hefur ákærði brotið gegn 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og telst ákvæði þetta tæma þá sök.

Refsing ákærða samkvæmt nefndri lagagrein þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin varðhald 10 daga.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hermann Kjartansson, sæti varðhaldi 10 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarn-
arlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttar-
lögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 21. desember 1972.

Nr. 121/1972. **Viðar Alfreðsson**

(Jón Edwald Ragnarsson hdl.)

gegn

Ágústi Fjeldsted

vegna Anne Barbara Alfreðsson

(Ágúst Fjeldsted hrl.)

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Forræði barns og umráð. Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. október 1972. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður fógeta verði ómerktur og málinu vísað heim til löglegrar málsmeðferðar. Til vara er þess krafizt, að fógetaúrskurðinum verði hrundið og synjað verði um umbeðna fógétagerð. Í báðum tilvikum er krafizt málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem mál væri ekki gjafsóknarmál, að því er meðferð þess fyrir Hæstarétti varðar.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. október 1972. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að aðaláfrýjanda verði dæmt